


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	ISL102	
Síða 1 af 3	Vorönn 2014	

Kennari	Sunna Hlín Jóhannesdóttir, Jónas Jónsson, Ásbjörg Benediktsdóttir	Sk.st.	SUN, JÓJ, ÁBE
----------------	---	---------------	---------------

Áfangalýsing: Í áfanganum verður lögð áhersla á að nemendur treysti kunnáttu sína á sem flestum sviðum lestrar og ritunar. Nemendur lesa valið efni úr íslenskum bókmenntum, smásögur, ljóð og skáldverk. Í tengslum við lesefnið vinna nemendur með ýmis hugtök í bókmenntafræði, bragfræði, myndmáli og stílbrögðum og vinna fjölbreytt ritunarverkefni sem munu nýtast þeim bæði í daglegu lífi og í áframhaldandi námi.

Markmið:

Að nemendur:


- geti skipt eigin texta og annarra í málsgreinar, efnisgreinar og kafla.
- þjálfist í að skrifa ýmis konar ritsmíðar.
- geti gengið frá texta á viðunandi hátt í tölvu.
- lesi upphátt fyrir aðra eigin texta og annarra.
- öðlist sjálfstraust til að tala og/eða lesa fyrir framan aðra.
- lesi bókmenntaverk og ýmsa aðra texta.
- geti beitt hugtökum bókmenntafræði í umfjöllun um bókmenntir.
- geti beitt ýmsum hugtökum bragfræði í umfjöllun um bundið mál.
- öðlist sjálftraust í skapandi vinnu.

Námsgögn:

Dauðarósir eftir Arnald Indriðason

Ísl 102, Les- og vinnuhefti. Fæst á skrifstofu skólans.

Viðbótarefni frá kennara.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 2 af 3	ISL102	Vorönn 2014

Áætlun um yfirferð:

1. lota 8.1 – 7.2 RITUN

Könnun og kynning: Kynning á áfanganum og könnun á stöðu nemenda í ritun.

Hér verður meðal annars farið í setningar, málsgreinar, efnisgreinar, lykilorð og skiptingu texta í inngang, meginmál og lokaorð.

Ýmis ritunarverkefni unnin til þjálfunar: Útdrættir, tónlistargagnrýni, kynningar, fréttir og fleira. Auk þess verður unnið með tal- og ritmál, markmið texta, ólíka viðtakendur og stílfæringar.

Nemendur fá kynningu á mikilvægum atriðum sem þarf að hafa í huga við munnlegan flutning og flytja fyrir bekkinn valin ritunarverkefni (5%).

Í lok lotunnar vinna nemendur 12% ritunarverkefni í kennslustund.

Nemendur hefja lestur á skáldsögunni *Dauðarósir* eftir Arnald Indriðason.

2. lota 10.2 –5.3 BÓKMENNTIR

Farið í helstu hugtök bókmenntagreiningar og notkun þeirra æfð á kvikmynd og smásögum.

Nemendur skrifa bókmenntaskýrslu um *Dauðarósir* (10%) og taka krossapróf úr sögunni (5%).

3. lota 10.3 – 28.3 LJÓÐ


Farið í myndmál og stílbrogð bókmenntatexta og undirstöðuatriði í bragfræði. Verkefni unnin úr kennsluhefti og ítarefni frá kennara.

Nemendur vinna 8% ljóðaverkefni í kennslustund.

4. lota. 31.3 – 2.5 STÖÐVAVINNA OG UPPRIFJUN

Nemendur fara í stöðvavinnu 3 saman í hópi og vinna skapandi verkefni í tengslum við það sem þeir hafa lært á önninni.

Stöðvavinnan gildir 15%, 10% fyrir verkefnið sjálft og 5 % fyrir flutninginn.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	ISL102 Vorönn 2014	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 3		

Námsmat og vægi námsþátta:

Flutningur á ritunarverkefni	5%
Ritunarverkefni	12%
Krossapróf	5%
Bókmenntaskýrsla	10%
Ljóðaverkefni	8%
Stöðvavinna	15%
Lokapróf	45%

Sé nemandi skráður veikur á skrifstofu skólans á umræddum prófdegi (tímaverkefni sem gildir til einkunnar) býðst honum að taka prófið upp síðasta föstudag þess mánaðar eða þess næsta, standi þannig á dagsetningum.

Þessi kennsluáætlun er birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils